

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Fimmtudaginn 19. febrúar 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Fjárhagsáætlun 2004.**

Fyrir fundinum lágu drög að rekstraráætlun fjárhagsáætlunar sveitarsjóðs og stofnana Höfðahrepps sem sveitarstjóri kynnti. Farið var yfir rekstrarliði áætlunarinnar og rætt um forsendur hennar. Umræður urðu um áætlunina en henni var síðan vísað til annarrar umræðu.

**2. Úthlutun byggðakvóta,**

Fyrir fundinum lágu umsóknir frá 5 aðilum um byggðakvóta sbr. 3. liður fundar nr 1031/31 og 3. lið fundar nr. 1025/25. Hreppsnefnd fór yfir umsóknir og ræddi einstaka umsækjendur. Samþykkt að fresta afgreiðslu umsókna og leita nánari skýringa og túlkunar á umsóknum.

**3. Bréf:**

- a) Hagstofu Íslands v/íbúaskrá, dags. 30. janúar 2004. Með bréfinu fylgir íbúaskrá Höfðahrepps 1. desember 2003. Sveitarstjórn er gefin kostur á að gera athugasemdir við íbúaskrána fyrir 20. febrúar nk. Hreppsnefndarmenn yfirfóru skrána og var sveitarstjóra falið að gera athugasemdir.
- b) Umhverfisstofnunar, dags. 29. janúar 2004. Erindi bréfsins er að skýra og árétta ákvörðun um skert endurgreiðsluhlutfall vegna refa- og minkaveiða. Bréfið var til kynningar.
- c) Hallbjarnar J. Hjartarsonar, dags. 17. febrúar 2004. Með bréfinu er óskað eftir niðurstöðum hreppsnefndar eftir umfjöllun um könnun á forsendum kántrýgarðs. Bréfið var til kynningar og oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara um málefnið.

**4. Fundargerðir:**

- a) Húsnæðisnefndar, 6. febrúar 2004.  
Fundargerðin samþykkt.
- b) Héraðsráðs, 4. febrúar 2004.  
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Héraðsráðs, 10. febrúar 2004.  
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 11. febrúar 2004.  
Fundargerðin var til kynningar.

e) 710. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. janúar 2004  
Fundargerðin var til kynningar.

## 5. Önnur mál.

- a) Norrænt vinabæjamót 2004. Samþykkt að stefna að vinabæjamóti dagana 24. – 27. júní. Sveitarstjóra falið að kynna þá tímasetningu fyrir vinabæjunum.
- b) Gunnar Þór Gunnarsson lagði fram svohljóðandi bókun: Með vísan í bókun mína í trúnaðarbók í tengslum við sölu Skagstrendings hf. legg ég fram eftirfarandi bókun:  
Ég undirritaður tel að mér hafi mistekist að gæta hagsmuna Skagastrandar. Það er mat mitt að hagsmunum Skagstrandar verði best gætt með einingu innan hreppsnefndar. Ég hef því ákveðið að víkja úr hreppsnefnd Höfðahrepps. Gunnar Þór Gunnarsson.

Hreppsnefnd tók fyrir erindi Gunnars Þórs um lausn frá störfum í Hreppsnefnd Höfðahrepps. Með vísan til 34. greinar sveitarstjórnarlaga og 39. greinar samþykktu um stjórn og fundarsköp Höfðahrepps var ósk Gunnars borinn undir atkvæði og samþykkt með fjórum samhljóða atkvæðum.

Hreppsnefndarmenn þökkðu Gunnari Þór fyrir samstarfið og óskuðu honum velfarnarðar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18<sup>10</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)